

Mál nr. 237/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30. júní 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags 7. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 5. ágúst 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Ódags. viðbótarathugasemdir M.
5. Viðbótagögn frá M dags. 2. september 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð bifreiðin B, sem er í eigu M, fyrir grjótkasti frá flutningabifreiðinni A er B tók fram úr A í þrengslunum. Með málskoti fylgdi myndband úr myndbandsupptökukerfi B og segir í málskoti að þar sjáist hvernig A var yfirlestuð, þannig að jarðvegsefni á palli hennar fór yfir hliðarskjólborð og hvernig rykský myndaðist við hlið hennar. Miklar skemmdir hafi orðið á B við þetta atvik en V hafi hafnað bótaskyldu þar sem M hefði ekki myndir sem sýndu grjót, mól eða sand lenda á bifreiðinni. Þá hafi ökumaður A ekki kannast við atvikið.

Í bréfi V, sem á tjónsdegi var váttryggjandi A, til nefndarinnar kemur fram að á myndböndum úr myndbandakerfi B megi ekki greina neitt grjótkast frá A og á B. Ökumaður A hafi þá ekki orðið var við neitt óeðlilegt og hafi ekki getað staðfest að mól eða smágrýti hafi hrunið af A og á B. Sé því ósannað að notkun A hafi valdið því tjóni sem greina megi víðs vegar á B. Verði M að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var váttryggjandi B, til nefndarinnar segir að af ljósmyndum af B megi ráða að ákomur á hana séu nýlega til komnar. Þá liggi fyrir myndbandsupptaka af atvikun. Á henni megi sjá að frágangur farms á A hafi verið ófullnægjandi, ekki hafi verið ábreiða yfir farminum og hann hafi náð upp fyrir skjólborð bifreiðarinnar. Hafi frágangurinn því verið í andstöðu við háttænisreglur 2. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og reglugerðar nr. 671/2008 um hleðslu, frágang og merkingu farms

Þá liggi fyrir skjáskot af umræddu myndbandi þar sem greina megi steina á lofti við A. Telji V2 því ljóst að tjón á B verði rakið til notkunar A. Telji nefndin hins vegar að það sé ósannað telji V2, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggi um steinvölur á lofti og ófullnægjandi frágangs farms A, rétt að snúa sönnunarbyrðinni við. Því skuli leggja það á ökumann A að sýna fram á að grjót eða mól hafi ekki stafað frá A og ekki valdið umræddu tjóni.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að pallur A hafi verið illa lestaður og að myndir af myndbandsupptöku úr B sýni grjót og mól, m.a. þegar eitt þeirra skjótist af framhlið A. Þá megi sjá af myndbandinu rykský sem A skilji eftir sig. Sýnt sé fram á að A hafi verið lestaður með mól og sýnt sé fram á að mól eða grjót hafi fokið frá A og í átt að B. Þá sé sýnt fram á nýjar skemmdir á lakki A sem samræmist frásögn M af atvikum.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V þá lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á B megi rekja til notkunar A en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Undir rekstri málsins kallaði nefndin eftir öllum viðeigandi myndböndum úr myndbandakerfi B og hefur tekið þau til skoðunar.

Óumdeilt er, og má jafnframt sjá það af fyrirliggjandi myndböndum, að A og B var ekið eftir þrengslavegi og að B tók fram úr A. M byggir á því að þegar hann ók fram úr A hafi grjót eða mól skotist frá henni og á B. Af fyrirliggjandi myndböndum verður hins vegar, að mati nefndarinnar, ekki greint að grjót eða mól hafi skotist frá A, né verður greint að rykský hafi stafað frá henni eða að farmur hafi fallið af palli hennar. Er það því samkvæmt framansögðu mat nefndarinnar að ekki hafi verið nægilega sýnt fram á að tjón á B megi rekja til notkunar A. Þar sem M ber hallann af sönnunarskorti hvað það varðar er því, á grundvelli framangreinds og gegn neitun ökumanns A, óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 16. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir